

Nd.

499. Frumvarp til laga

[235. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

Flm.: Lárus Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Geir Gunnarsson,
Stefán Gunnlaugsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 34. gr. laganna bætist ný mgr., sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Þá getur skipulagsstjórn heimilað sveitarstjórn að annast á eigin kostnað tiltekið skipulagsverkefni undir yfirstjórn skipulagsstjórnar. Ráðherra er þá heimilt að láta greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar sveitarstjórnar við það verkefni, enda hafi skipulagsstjórn staðfest samning sveitarstjórnar við þann aðila, sem verkefnið tekur að sér, þ. á m. kveðið á um hámarksframlag ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ástæðan til þess, að frumvarpið er fram komið, er sú, að skipulagsskyld sveitarfélög hafa í vaxandi mæli óskað þess að fá sjálf að annast gerð skipulags undir yfirstjórn skipulagsstjórnar ríkisins, sem hefur lýst sig hlynnta því fyrirkomulagi, enda teiknistofa skipulagsstjóra mjög fáliðuð.

Sá hængur er á, að í 2. mgr. 34. gr. skipulagslaga er heimild ríkissjóðs til þátttöku í kostnaði við gerð skipulags, þegar þannig stendur á, takmörkuð við helming áfallinna skipulagsgjalda í sveitarfélaginu. Í minni sveitarfélögum getur þessi fjárhæð ekki náð nema hluta af slíkum kostnaði, nema á löngu árabili. Með þessari takmörkun er því ákvæðið um heimild sveitarfélaga til að vinna sjálf að skipulagi gert óvirkt að mestu leyti nema í stærstu sveitarfélögum, þar sem skipulagsgjaldið nemur umtalsverðum fjárhæðum.

Frumvarpið á ekki að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, heldur miða eingöngu að því að veita sveitarstjórnnum aukið svigrúm um skipulagsmál og ætti að stuðla að því, að fleiri aðilar en nú er yrðu virkir í þessu þýðingarmikla starfi.